

AUGLÝSING

um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur fagráð í hrossarækt (hrossaræktarnefnd), sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989, um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi, yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 130 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 7.500. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o.fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 130 13. febrúar 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 1998.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Hákon Sigurgrímsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hundahald í þéttbýli í Borgarfjarðarhreppi innan þorpsgirðingar sætir þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í þessari samþykkt. Einnig er sveitarstjórn heimilt að takmarka hundahald í dreifbýli ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar og héraðsdýralæknis.

2. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í bæjarfélaginu leyfi til hundahalds að uppfylltum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklingsins og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðar-eigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýlishúsi með sérstökum inngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja skriflegt leyfi allra íbúðareigenda.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn samþykkir og staðfest er af umhverfisráðherra. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, þ.e. hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum svo og önnur skilríki sem máli skipta. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október til nóvember ár hvert eftir nánar auglýstum tíma. Mæti eigandi ekki með hund sinn til árlegrar hreinsunar á boðuð-um tíma, ber hann sjálfur kostnað sem af því kann að leiða.
- d) Leyfishafi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000 (tíu milljónir). Vottorð um ábyrgðar-tryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.
- e) Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. A ólinni skal vera plata, sem í er greypt skráningarnúmer hundsins, nafn eiganda og símanúmer.
- f) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss. Hundar sem á lífi eru við gildistöku þessarar samþykktar og ekki eru bandvanir mega þó ganga lausir enda séu þeir í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- h) Eigi má hleypa hundnum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um ræðir í 4., 8. og 11. - 16. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum, ekki þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn. Þessir staðir eru m.a. eftirfarandi:
 1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.

11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 12. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 13. Almenn samgöngutæki.
- i) Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
 - j) Ákvæði stafliða h og i hér að framan gilda ekki um nytjahunda að störfum eða nytjahunda sem verið er að þjálfa.
 - k) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
 - l) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.

Ákvæði vegna lögbýla:

- m) Ekki þarf að sækja sérstaklega um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum nema séu fleiri en tveir fullorðnir hundar á heimilinu. Skal þá tilgreind ástæða og umsögn dýraeftirlitsmanns fylgja umsókninni.
- n) Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum á lögbýlum, þó skulu eigendur hunda þar greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og læknilisaðgerðum hlýst, sbr. c-lið í 2. grein eftir því sem við á.
- o) Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareignum eigenda sinna. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði 2. mgr. eftir því sem við á.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarstjórnar, eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindi umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um hundahald. Sveitarstjóri veitir eða synjar umbeðnu leyfi að fenginni umsögn dýraeftirlitsmanns. Leyfishafi fær afhenta plötu sbr. ákvæði e-liðar í 2. grein. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Borgarfjarðarhreppi og setur sveitarstjórn honum starfsreglur í samráði við heilbrigðisnefnd. Skal hann gefa oddvita eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af.

Dýraeftirlitsmaður skal færa upplýsingar um leyfða hunda í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðis- eftirlitinu og sýslumannsembættinu skrá yfir leyfða hunda.

Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann annast eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn dýraeftirlitsmanni eða lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli, sbr. þó staflið f. í 2. mgr. 2. gr., skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega

hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bita skal fjarlægja og er lögreglu og dýraeftirlitsmanni heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því að hundurinn er kominn í vörslu dýraeftirlitsmanns enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti ber að aflífa hundinn, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er.

7. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykktum þessum ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heimilt að beita hann dagsektum og svipta hann leyfi sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Skal leyfishafi greiða allan kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 18. júní 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns tollafgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „Bráðabirgðatollafgreiðsla“ í 1. tölul. kemur: , þó ekki í tengslum við útflutning.
- b. 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 145. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júní 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.